

Blakfélagið Álkur fer á Íslandsmót

4. september 2026



Síðustu ár hefur blakmenning vaxið hér í Langesbyggð. Lítill áhugasamur hópur stofnaði Blakfélagið Álkur sem hefur verið starfandi frá árinu 2015. Álkur eru í nánu samstarfi við Ungmennafélag Langesbyggðar við að efla ungmenni til blakiðkunnar og sporna gegn brottfalli úr íþróttum hjá unglingum.

Álkur skráðu sig fyrst á Íslandsmót neðri deilda árið 2024 sem Blaksamband Ísland heldur ár hvert. Ný lið hefja almennt keppni í neðstu deild hverju sinni og geta síðan unnið sig upp um deild að keppnisári liðnu. Það er því í þriðja sinn sem Álkur taka þátt á Íslandsmóti neðri deilda. Það eru um 100 lið skráð á mótið og lágmarks fjöldi í hverju liði eru 9 manns. Keppnishelgarnar eru þrjár á keppnisárinu 2026-2027 og fara keppnirnar fram víðs vegar um landið.

Keppnishelgar og ferðarkostnaður hjá Álkum er eftirfarandi:

- 13.-15. nóvember 2026 – haldið af Þrótti á Neskaupsstað. áætlaður kostnaður 295.500 kr.
- 5.-7. febrúar 2027 – haldið af HK í Kópavogi. áætlaður kostnaður 754.600 kr.
- 12.-14. mars 2027 – óákeðið. áætlaður kostnaður ca. 300-600 kr. fer eftir staðsetningu.

Við óskum eftir aðstoð ykkar við að fjármagna þátttöku á Íslandsmóti. Kostnaður við að taka þátt í svo stóru móti er töluverður en heildarkostnaður með þátttökugjaldi er um 1,4-1,6 m. kr.

Hægt er að leggja framlög inn á eftirfarandi reikning 0179-05-003560, kt. 260877-5779 en Vilborg Stefánsdóttir, gjaldkeri Álkna, hefur umsjón með reikningum félagsins. Ef það eru einhverjar spurningar má senda okkur tölvupóst á netfangið alkurblak@gmail.com.

Öll framlög, stór og smá, vel þegin. Styrkir verða einungis nýttir í kostnað og keppnisgjöld tengdum Íslandsmótinu.

